

Á ferð um tímann

Útikennsla í samfélagsgreinum – miðstig grunnskóla

Kennarahandbók



Guðmundína Arndís Haraldsdóttir

Desember 2011



Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Til kennara.....	4
Áttir og áttaviti.....	5
Kort og loftmyndir	6
Gróður.....	7
Veður og veðurfar.....	8
Himingeimurinn.....	9
Heimsálfur	10
Norðurlöndin.....	11
Samvinna landa.....	12
Rómaveldi.....	13
Víkingar	14
Landnám	15
Miðaldir	16
Heimsálfur tengjast.....	17
Siðaskiptin	18
Á ferð um tímenn – Ísland fortíð, nútíð og framtíð	19
Endurvinnsla – að bera virðingu fyrir náttúrunni	20
Tillögur að námsmati.....	21
Jafningjamat.....	21
Sjálfsmat	22
Símat	23
Viðhengi 1 – Bingóspjald.....	24

Inngangur

Þessi handbók er hluti af B.Ed. ritgerðinni „Á ferð um tímann“ á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Handbókinni er ætlað að veita kennurum í samfélagsgreinum hugmyndir að útikennslu á miðstigi grunnskóla. Hugmyndirnar eiga að stuðla að því að hægt sé að nota útikennsluáferðina oft, á þann hátt að búið er að skipuleggja markmið og samþætta námsefnið við önnur fög og kennsluáferðir. Hugmyndirnar eru fjölbreyttar og henta vel fyrir nemendur með mismunandi þarfir.

Ef efni og áhöld eru til staðar má útbúa „töfrakassa“ sem er ætlað það hlutverk að varðveita námsgögnin. „Töfrakassinn“ getur því geymt plöstuð eintök af lýsingu á ferli hvers viðfangsefnis, ljósrituð eintök af verkefnablöðum og önnur áhöld s.s. hitamæla, áttavita og annað. „Töfrakassinn“ getur fengið sinn stað í skólanum og kennarar á miðstigi geta gripið viðfangsefni við hæfi, bætt við nýjum hugmyndum og nýtt efnið til að vinna með nemendum sínum í nærumhverfi skóla. Verkefnin sem lögð eru fram hér eru miðuð við nemendur á miðstigi en vonin er sú að kennarar yngsta stigs og unglíngastigs geti notað og noti efnið ef til vill með breyttum útfærslum á verkefnum eftir getu og þekkingu nemenda.

Hægt er að vinna öll verkefni stök en einnig er hægt að vinna fleiri en eitt verkefni á sama tíma, ef það hentar námsefninu hverju sinni. Ekki er alltaf reiknað með að öll vinna fari fram utandyra heldur er þetta samspil inni- og útivinnu. Öll verkefni er hægt að vinna hvar sem er, í öllum skólum landsins. Gaman er að nýta verkefnin bæði á haustönn og vorönn og jafnvel vinna sum verkefni á haust- og vorönn til að fá samanburð á niðurstöðum.

Í þessari kennarahandbók er efni hvers verkefnis afmarkað. Átta hugmyndir eru fyrir útikennslu í landafræði og sjö hugmyndir í sögu, ásamt einu verkefni tengdu endurvinnslu, sem vel á heima í samfélagsgreinakennslu. Leiðbeiningar um undirbúning, framkvæmd og eftirvinnslu eru fyrir kennara.

Það er von mín að einhverjir sjái hag sinn í að nota þessar hugmyndir, annað hvort að öllu leyti eða einstaka verkefni sem lögð eru fyrir. Vonandi kemur þetta sér vel fyrir þá sem vilja nýta sér verkefnin í framtíðinni, til að breyta út af vananum með útikennslu og heildstæðu kennsluferli til að mæta fjölbreyttum nemendahóp.

Til kennara

Hafið ávallt í huga áður en farið er í útikennslu:

- Fylgist með veðurspá ef útikennsla er fyrirfram ákveðin og sendið boð til nemenda og foreldra um að allir eigi að vera klæddir eftir veðri þann dag sem útikennsla og útinám fer fram.
- Oft er gott að nemendur hafi alltaf kort af svæði á sér. Hægt er að útbúa nokkur kort, plasta þau og þannig koma þau alltaf að góðum notum.
- Setjið nemendum skýrar reglur um viðeigandi hegðun á vettvangi.
- Sýnið fyrirhyggju. Útbúið hættumat og farið yfir öryggisatriði sem gilda við útinám með nemendum áður en kennsla hefst. Sérstaklega þarf að hafa þessi atriði í huga við hættulegri aðstæður, t.d. þegar gengið er yfir götur/við götur, við vötn, ár og sjó, í holóttu eða stórgrýttu landslagi.
- Athugið hvort öll áhöld séu með, það getur kostað dýrmætan tíma að gleyma mikilvægum hlutum eða efni.
- Hafið ávallt á ykkur bakpoka eða tösku með sjúkrakassa, mikilvægum símanúmerum og jafnvel mat og drykk ef áætlað er að vera úti í lengri tíma.
- Nemendur gætu haft með sér þunnan bakpoka með skriffærum, nesti og aukafötum ef þess þarf.
- Gefið ykkur tíma til að minna á mikilvægi þess að ganga vel um nánasta umhverfi með því að biðja nemendur um að valda sem minnstu raski á meðan útikennslu stendur.

Í þessari kennarahandbók er að finna tengingar við markmið í aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreina fyrir 5.–7. bekk. Á eftir hverju markmiði handbókar fylgir blaðsíðutal sem vísar í hvar hvert og eitt er að finna í námskrá.

Fram kemur í hverju viðfangsefni við hvaða aðrar kennsluaðferðir, kennsluferlið er samþættað. Kennsluaðferðirnar og skilgreiningar á hverri og einni er að finna í bókinni *Litróf kennsluaðferðanna* eftir Ingvar Sigurgeirsson (1999).

Áttir og áttaviti

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Verklegar æfingar, hópvinubróggð.

Markmið:

- Að nemandi læri að nota og lesa á áttavita
- Að nemendur geti staðsett sig og bent til átta og sagt í hvaða átt þurfi að fara til að komast á ákveðinn stað

Gögn fyrir útikennslu: Áttavitar, nógu margir til að hægt sé að vinna í 4–5 manna hópum, blöð og skriffæri.

Undirbúningur: Kennari fer yfir notkun áttavita með nemendum sínum og ræðir hvaða áttir eru til, höfuðáttirnar fjórar (norður, suður, austur og vestur) og milliáttir (t.d. norðnorðaustur, norðaustur og austnorðaustur) og hvernig þær tengjast skiptingu hrings. Ef kennarar vilja kynna sér notkun áttavita betur má vísa á þessa síðu hér: <http://www.scout.is/skatastarf/hugmyndir/kompas/index.html>

Framkvæmd: Nemendur vinna í hópum, eins mörgum og fjöldi áttavita leyfir. Kennari býr til blað þar sem nemendur eiga að skrá götuheiti, stofnun eða annað kennileiti. Finna á eitt kennileiti fyrir hverja átt, þ.e. norður, suður, austur og vestur. Taflan sýnir dæmi:

Hvað er í norðurátt?	Esjan
Hvað er í suðurátt?	Háskóli Íslands

Nemendur vinna áfram í hópum og á einn í einu að spyrja annan úr hópnum til vegar. Vísa á til vegar með áttum. Allir í hópnum fá að spyrja einnar spurningar og allir eiga að vísa til vegar. T.d. nemandi 1: Í hvaða átt á ég að fara til að komast í Smáralindina? Nemandi 2: Þú átt að fara í suðaustur til að komast í Smáralind.

Úrvinnsla: Þegar útikennsla er lokið eiga nemendur að merkja vegg skólastofunnar með þeirri átt sem hver þeirra vísar til. Hver hópur skráir niður í hvaða átt átti að fara til að komast á þá staði sem spurt var um í seinna útiverkefni. Öllum upplýsingum hópanna er safnað saman á eitt veggspjald sem hengt er upp í skólastofunni. Þannig læra nemendur að nota hugtökin áfram í staðinn fyrir að segja „hingað eða þangað“ eða „til hægri eða vinstri“ þegar þau eru spurð til vegar.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – landafræði:

- læri að nota tvo undirflokkar höfuðáttanna fjögurra í frásögn, t.d. norðnorðvestur, og tengja þá við skiptingu hrings (46).

Kort og loftmyndir

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Íslenska, listgreinar. Skrifleg tjáning, skoðunarferð, skrifleg tjáning – ritun, myndsköpun.

Markmið:

- Að nemendur skilji og geti greint það sem sést á loftslagsmyndum/kortum
- Að nemendur öðlist meiri orðaforða með þekkingu á orðum sem lýsa landslagi og náttúru

Gögn fyrir útikennslu: Loftmynd af skólasvæði og skriffæri.

Undirbúningur: Nemendur og kennari skoða í sameiningu kort af Evrópu, Íslandi og af heimabæ. Kennari biður nemendur um að finna hluti sem gefa upp hæð yfir sjávarmáli, gróður, sléttur, tákn fyrir eitt og annað og fleira sem þeir sjá að er sameiginlegt á þessum kortum. Hver nemandi skrifar niður það sem hann finnur. Kennari fer yfir það sem hægt er að sjá á kortum til að auðvelda þeim sem nota kortin.

Framkvæmd: Kennari fer út með nemendum, nemendum er skipt í hópa og allir hópar fá loftmynd af skólasvæðinu. Kennarinn hefur ákveðið gönguleið og nemendur eiga að merkja inn á kortið þá leið sem farin er. Ef til vill þarf að stoppa nokkrum sinnum svo allir nái að merkja við og til að ræða ýmislegt sem fyrir augu ber.

Úrvinnsla: Þegar komið er í skólastofuna eiga nemendur að lýsa ferðinni með þeim orðum sem þeir þekkja. Þeir eiga að skrifa í hvaða áttir var farið, lýsa landslagi og nota hugtök sem tengjast landslaginu eins og t.d. klettur, mýri, dalur, hlíð og lýsingarorð eins og sléttur, brött, hátt o.s.frv. Nemendur skreyta söguna með myndum þar sem hægt er að nota tákn, skyggingar, tölur og annað sem lýsir því sem þeir sáu.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – landafræði:

- kunna að lesa og túlka kort, loftmyndir og önnur landfræðileg gögn, hvort sem er í bókum eða tölvum (21).
- kunna skil á loftmyndum og hefðbundnum staðfræðikortum (21).
- læri að lesa úr hæðarlínum á korti í stórum mælikvarða, lýsa landslagi og nota hugtök eins og hlíð, dalur og halli og lýsingarorð eins og brattur og aflíðandi (46).
- átti sig á að hæðarmun í landslagi má m.a. sýna með hæðarlínum eða landslagsskyggingu (47).

Gróður

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Náttúrufræði, listgreinar, íslenska. Vettvangsathugun, einstaklingsverkefni, myndsköpun.

Markmið:

- Að nemendur kynnist því hvað einkennir gróður á Íslandi
- Að nemendur skilji þróun gróðurfars á Íslandi frá landnámi til dagsins í dag
- Að efla færni í að greina í sundur gróðurtegundir í náttúrunni

Gögn fyrir útikennslu: Skrifffæri, mappa og verkefnablað fyrir skráningu

Undirbúningur: Kennari ræðir við nemendur um einkenni gróðurs á Íslandi og hver er helsti munurinn á gróðri á Íslandi og í öðrum löndum sem nemendur hafa komið til. Á þessari eftirfarandi vefsíðu má sjá mynd af útbreiðslu birkiskóga, fyrst við landnám og svo í dag: <http://www.heimurinn.is/> > miðstig > sögur/hermileikir > að græða landið.

Framkvæmd: Nemendur geta týnt fallin lauf af trjám til að nota í verkefni eftir útikennslu.

Hvernig tré er þetta?	Skoðið trén í kringum ykkur, finnið nokkur mismunandi og lýsið þeim		
Litur: börkur og lauf			
Undirlendi trés: vott, þurrt, rakt			
Stærð og lögun: lítil, stór, breið, mjó			
Plöntur í kring, mikið, frekar mikið, frekar lítið, lítið. Hvernig plöntur?			
Ber: vaxa ber á trénu eða í kring, hvernig ber?			
Dýr: sjáið þið einhver skordýr eða fugla nálægt?			

Úrvinnsla: Nemendur eiga að teikna myndir á A4 blað af trjánum sem þeir hafa skrifað upplýsingar um, hér geta þeir límt laufin á tréð en það má líka teikna þau. Það má fletta myndum upp í bókum sem finnast á bókasafninu og í leiðinni kynnast hverri gerð betur.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – landafræði:

- Þjálfist í að lýsa helstu landfræðilegu einkennum hvers landshluta, s.s. landslagi, gróðurfari og veðurfari (46).
- ræði um breytingar á nánasta umhverfi sínu með sjónarmið náttúruverndar í huga(46).

Veður og veðurfar

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Náttúrufræði, íslenska, stærðfræði. „Alvörurannsóknir“, vettvangsathuganir, skrifleg tjáning, tal- og framsagnaræfingar í leikrænni tjáningu, verklegar æfingar.

Markmið:

- Að nemendur læri að lýsa fjölbreyttu veðurfari á Íslandi og auki þar með orðaforða
- Að nemendur læri að nota hitamæli
- Að nemendur kynnist hversu margbreytilegt veðurfar er

Gögn fyrir útikennslu: Hitamælar, skriffæri og verkefnablað fyrir skráningu

Undirbúningur: Kennari sýnir nemendum veðurfréttir frá mismunandi tímum. Hægt er að finna þær t.d. á www.ruv.is og www.visir.is. Síðan ræðir kennari við nemendur það orðalag sem er notað og útskýrir þau orð sem nemendur kannast ekki við.

Framkvæmd: Nemendur fara fjórum sinnum út til að mæla hitastig og vindáttir. Hægt er að gera þetta 1x, 2x í viku eða jafnvel allt á einni viku. Nemendur eiga að skrá í töfluna hitastig á mismunandi stöðum, vindátt, hvernig veðrið lítur út og eiga síðan að lýsa veðrinu með þremur lýsingarorðum.

Dagsetning:				
Hitastig				
Vindátt				
Hitastig í vatni				
Hitastig í snjó				
Veðurfarsmerki, sól, sól og smá skýjað, skýjað, rigning, þrumur og eldingar, snjócoma				
Þrjú orð um veðrið				

Úrvinnsla: Nemendur eiga að búa til veðurfrétt sem lesin er upp í lokin. Nemandi notar sín orð og þau sem hann hefur lært til að skrifa fréttina.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – landafræði:

- þekkingu helstu tákna sem notuð eru í veðurlýsingu (21).
- átti sig á að hann elst upp við aðstæður sem eru síbreytilegar (47).

Himingeimurinn

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluáðferðir: Listgreinar, íslenska, náttúrufræði. Hugarflug með leiðsögn, myndsköpun, hópvinna, skrifleg tjáning - ritun.

Markmið:

- Að nemendur læri nöfn reikistjarna og skoði í muninn á þeim og jörðinni
- Að nemendur geti ímyndað sér himingeiminn

Gögn fyrir útikennslu: Stuttur texti fyrir kennara um himingeiminn.

Undirbúningur: Er líf á öðrum hnöttum? spyr kennari nemendur sína. Nemendum er síðan skipt í hópa og þeir eiga að finna rök með og á móti því hvort að það sé til líf á öðrum reikistjörnum. Nemendur eiga ekki að leita að svörum í bókum heldur bara skrifa það sem þeim dettur í hug. Síðan deila hóparnir með öllum hvaða rök þeir skrifuðu niður.

Framkvæmd: Nemendur leggjast í grasið og horfa til himins. Kennari segir nemendum að hugsa aðeins út í þær umræður sem áttu sér stað í skólastofunni. Nemendur eiga svo að slaka á, mega vera með lokuð augun og kennari les fyrir þá texta um reikistjörnur og halastjörnur. Hægt er að velja góðan texta sem lýsir í stuttu máli reiki- og halastjörnum.

Úrvinnsla: Nemendur skoða nýlega frétt um reikistjörnu eða annað í himingeiminum. Á www.mbl.is, > tækni og vísindi birtast gjarnan greinar tengdar þessu efni. http://www.mbl.is/frettir/taekni/2011/12/06/er_lif_a_thessari_reikistjornu/. Nemendur leita heima eða í skóla að upplýsingum um reikistjörnurnar. Í næsta tíma eiga nemendur að teikna reikistjörnu, gefa henni nafn og einkenni og skrifa annað sem þeim dettur í hug um reikistjörnuna. Nemendur geta í samvinnu við kennara fundið út hvernig best sé að hanna reikistjörnurnar og hvernig þeir vilja gera það. Hæfileg lengd á upplýsingum sem fylgja með er ½ til 1 blaðsíða.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – landafræði:

- fáí tilfinningu fyrir sögulegum minjum og frumheimildum af ólíku tagi, svo sem myndum, mannvirkjum og texta (36).
- beiti ímyndunarafls og gagnrýni við að lesa úr þessum minjum (36).
- fáí yfirlit yfir sólkerfið (49).

Heimsálfur

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Upplýsingamennt og íslenska. Hópvinna, yfirheyrsla, hlutverkaleikur, leikræn tjáning, púslaðferðin, umræðuhópar.

Markmið:

- Að nemendur þekki heimsálfurnar
- Að nemendur læri að leita sér upplýsinga á miðlum
- Að nemendur þekki til helstu einkenna hvernar heimsálfu fyrir sig

Gögn fyrir útikennslu: Myndbandsupptökuvél, skriffæri og blað

Undirbúningur: Kennari ræðir við nemendur hverjar heimsálfurnar séu þ.e. Evrópa, Asía, Afríka, Eyjaálfa, Norður-Ameríka, Suður-Ameríka og Suðurskautslandið. Einnig er farið yfir með nemendum hver sé stærst og minnst og þar á milli ásamt því hver séu helstu einkenni hvernar heimsálfu. Kennari getur beðið nemendur að leita upplýsinga á netinu, jafnvel sem heimaverkefni fyrir kennslustundina. Nemendum er skipt í hópa þar sem hver hópur skoðar mjög vel eina heimsálfu og ræðir allar upplýsingar sem fundust.

Framkvæmd: Kennari segir hópunum að hver hópur sé fjölskylda. Hóparnir eiga að finna meðlimum fjölskyldunnar nafn, aldur, áhugamál, stöðu o.fl. Þegar allt er ákveðið segir kennari hópunum að nú sé hann fréttamaður sem tilkynnir þeim að fjölskyldan hafi unnið ferðalag í eina af heimsálfunum sjö, þ.e. þá heimsálfu sem hóparnir voru búnir að kynna sér vel. Myndbandsupptökuvél er með í för og einn nemandi tekur upp viðtölin sem kennarinn tekur við fjölskyldurnar. Kennarinn spyr hverja fjölskyldu spurninga um heimsálfuna, hvað þau ætla að skoða og sjá, hvaða tungumál þau þurfa að læra, hvaða gjaldmiðil er hægt að nota o.fl.

Úrvinnsla: Nemendur geta horft á viðtölin sér til skemmtunar og upprifjunar. Nemendur skipta sér síðan niður í aðra hópa, í hverjum hóp er einn úr hverjum fjölskylduhóp, þ.e. einn fulltrúi hvernar heimsálfu. Þegar heimsálfurnar mætast eiga nemendur að ræða reglur sem þeir vilja að ríki í öllum heiminum, skrifa þær niður og skila inn. Kennari fer yfir reglurnar og ræðir þær síðan, hverja og eina við nemendur og af hverju þessi regla eigi að ríkja í heiminum.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – landafræði:

- Þjálfast í að sækja landfræðilegar upplýsingar í gagnasöfn (21).
- Öðlast heildarsýn yfir valda landfræðilega þætti á heimsvísu og á Íslandi og geta útskýrt svæðisbundinn mun á þeim (22).

Norðurlöndin

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Íslenska. Leikræn tjáning, hópvinna, skrifleg tjáning og tal- og framsagnaræfing, upplýsingaöflun.

Markmið:

- Að nemendur nái að tengja við Norðurlöndin hluti sem þeir kannast við
- Að nemendur viti hvar hvert af Norðurlöndunum liggur og helstu staðreyndir
- Að nemendur læri að tjá sig á öðruvísi hátt
- Að nemendur sjái menningarlegan mun á Norðurlöndunum

Gögn fyrir útikennslu: Myndir af einhverju þekktu frá Norðurlöndunum.

Undirbúningur: Nemendur gera með kennara hugarkort um það sem þau þekkja frá hverju og einu af Norðurlöndunum, þ.e. Ísland, Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Álandseyjar, Færeyjar og Grænland. Þetta geta verið dæmi eins og að Múmínsnáðarnir eru frá Finnlandi, Ikea er sænskt fyrirtæki, hafmeyjan í Danmörku, þjóðdansar í Færeyjum o.s.frv. Kennari prentar út myndir af landslagi, einkennum, þekktum einstaklingum eða öðru þekktu frá þessum löndum.

Framkvæmd: Í útikennslustofu eða á öðru góðu svæði koma nemendur sér fyrir. Kennari skiptir nemendum í 2–3 manna hópa. Hver hópur á að draga mynd og síðan fá allir hópar nokkrar mínútur til að æfa sig í að leika stuttan leikþátt um myndina. Ef tími er nægur er hægt að láta hvern hóp fá tvær myndir og í seinna skiptið eiga nemendur að gera kyrrmyndir út frá myndinni sem þeir drógu.

Úrvinnsla: Nemendur skrifa ferðasögu. Hver nemandi ímyndar sér að hann sé í nokkurra daga ferðalagi í einu af Norðurlöndunum. Hann á að lýsa því sem hann sér ásamt því á að fletta upp nokkrum staðreyndum um landið í námsefni. Nemendur segja samnemendum sögu sína að vinnu lokinni.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – landafræði:

- þekkja valda landfræðilega þætti Norðurlanda og hafa aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landsvæði eftir mismunandi leiðum (21).
- þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál (47).

Samvinna landa

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Lífsleikni, íslenska. Lesið, spurt og spjallað, samræðuaðferð, pallborðsumræður.

Markmið:

- Að nemendur læri mikilvægi mannréttinda í heiminum
- Að nemendur kynnist því samstarfi sem fram fer á milli landa til að stuðla að bættum kjörum íbúa jarðar
- Nemendur læra að hlutverk einstaklingsins er að koma sinni skoðun á framfæri og taka þátt í að stuðla að því að allir hafi sama rétt í samfélaginu

Gögn fyrir útikennslu: Skriffæri og stílabók fyrir ritara.

Undirbúningur: Kennari og nemendur fara yfir kaflann um samvinnu landa t.d. í lesbókinni Evrópa en annað útgefið efni kemur einnig til greina. Nemendur skiptast á að lesa og kennari stoppar eftir hvern lestur og fer yfir orð og hugtök sem þarf að útskýra. Efnið getur verið erfitt yfirferðar og því mikilvægt að kennari taki þátt í lestri nemenda á efninu.

Framkvæmd: Nemendur hafa fengið til umráða landsvæði á skólalóð. Gæta þarf réttinda manna í því landi og er það hlutverk nemenda að skipta niður verkefnum og komast að niðurstöðu um hvaða málefni séu mikilvæg. Allir í nemendahópnum eiga að vinna saman og finna út hvaða er mikilvægt til að stuðla að réttindum og jöfnum kjörum. Verkefnið er í formi ráðstefnu þar sem allir eiga að leggja fram eitt efni sem hafa þarf í huga. Einn nemandi er fundarstjóri og annar er ritari og skrifar upp þá þætti sem nefndir eru.

Úrvinnsla: Nemendur hafa nú skrifað upp þau atriði sem þeir vilja leggja áherslu á. Í kennslustund er hvert viðfangsefni rætt og kennari spyr nemendur hvaða lönd og/eða heimsálfur eigi að taka þátt í samstarfi við litla landið sem þeir stjórna á skólasvæðinu.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – landafræði:

- gera sér grein fyrir mismunandi einkennum svæða og samskiptum þeirra á milli eftir því sem við á (21).
- kynni sér á hvaða sviðum Norðurlandabjórinnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst (47).
- átti sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála þar sem t.d. mengun og loftslagsbreytingum verða ekki sett landfræðileg mörk (48).

Rómaveldi

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluáðferðir: Listgreinar, íslenska. Myndmiðlar, málstofur, myndsköpun, hópvinna.

Markmið:

- Að nemendur geti gert sér mynd í huganum af Rómaveldi til forna
- Að nemendur þekki nokkra af þeim sem höfðu mikil áhrif á þessum tíma
- Að nemendur geti gert sér í hugarlund um hvernig stjórn ríkti á þessum tíma

Gögn fyrir útikennslu: Skrifffæri og stílabók.

Undirbúningur: Nemendur kynnast efninu um Rómaveldi, umfangi, kennileitum og menningu. Á þessari vefsíðu má finna stutt myndband um Rómaveldi: <http://www.samfelagsfr.is/kennsluefni/sagnfr/romaveldi/mynd/romaveldi.html>. Ásamt því ræðir kennari við nemendum um þekkta einstaklinga frá þessum tíma, eins og Júlíus Sesar, Kleópötru, Hannibal, Brútus og Ágústus keisara. Til að tengja efnið við nútímann er gott að leyfa nemendum að kynnast bókunum um Ástrík og Steinrík eftir René Goscinny og Albert Uderzo, t.a.m. er hægt að sýna brot úr bíómynd um þá félag. Upplýsingar má m.a. finna hér: <http://kvikmyndir.is/mynd/?id=1914>.

Framkvæmd: Júlíus Sesar vildi koma á friði og gerði ýmislegt til að bæta hag fátæks fólks. Hann var drepinn af mönnum í öldungaráðinu í Róm, því þeim þótti hann of valdamikill. Nemendur vinna í hópum og á hver hópur að setja sig í spor Sesars og spá í hvað hann gerði til að bæta hag fólks í Róm á þessum tíma. Nemendur skrifa niður lista og á hver hópur að kynna sínar hugmyndir til að bæta hag fólks. Það gera nemendur í útistofu sem nú fær heitið fundarstaður öldungaráðsins. Meðan einn hópur kynnir, meta hinir hóparnir útkomuna (sjá jafningjamat bls. 21).

Úrvinnsla: Nemendur velja sér brot úr texta í námsefni og búa til stutta myndasögu, 4–5 myndir með texta, líkt og gert er í bókunum um Ástrík og Steinrík. Kennari þarf að gæta þess að nemendur skipti textanum vel á milli sín. Myndasögurnar má síðan reyna að tengja með því að setja þær upp á vegg í skólastofunni.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – saga:

- öðlist skilning á ýmsum þátttakendum sögunnar: einstaklingum og þjóðum (7).
- hafa gert sér nokkra mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífi (16).
- kynnist nokkrum kennileitum rómverska ríkisins, s.s. byggingum og borgum (35).

Víkingar

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Íslenska. Sjónsköpun – að sjá í huganum, skrifleg tjáning – ritun, spurnaraðferðir – þankahríð.

Markmið:

- Að nemendur skilji hvað það þýðir að vera víkingur og hvað þeir gerðu
- Að nemendur setji sig í spor víkinga og sjá fyrir sér hvernig lífi þeir lifðu

Gögn fyrir útikennslu: Kafli úr víkingasögu, t.d. Egils sögu.

Undirbúningur: Kennari nefnir við nemendur orðið sjóræningi og spyr um það sem þeim dettur í hug og skrifar niður á töflu allt sem nemendum segja. Ef nemendur stinga ekki upp á orðinu víkingur gerir kennari það eftir smá umhugsun nemenda. Kennari spyr þá en hvað með orðið víkingur? Hvaða orð tengið þið við það? Í ljós ætti að koma að víkingar/sjóræningjar gerðu margt svipað.

Framkvæmd: Nemendur og kennari fara í útistofu og setjast í hring. Kennari situr með nemendum og biður þá um að loka augunum. Kennari les brot úr víkingasögu, t.d. bít úr Egils sögu. Þar fóru menn iðulega í víking. Nemendur eiga að hlusta vel og sjá fyrir sér söguna sem er lesin. Að loknum lestri spyr kennari nemendur hvað þeir sáu, hvort þeim fannst auðvelt að ímynda sér víkinga, hvernig voru skip þeirra og vopn, voru konur og börn með í för o.s.frv.

Úrvinnsla: Nemendur teikna upp „sinn“ ímyndaða víking og segja hans sögu, lýsa útliti og klæðaburði, hvað hann gerði, hvort hann átti fjölskyldu, hvernig líf hans endaði o.fl.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – saga:

- þekkja ýmsa þætti víkingatímans (16).
- kynnist lýsingum fornhöfunda á þjóðum og löndum í norðri (35).
- *Þversnið:* fari könnunarferðir um heimaslóðir víkinga og kynni afraksturinn með leikrænni tjáningu, frásögnum, myndverkum eða á annan skapandi hátt (35).
- leitist við að meta breytni og tilfinningar fyrri tíðar fólks út frá forsendum þess (38).
- velti fyrir sér tengingum og samhengi í námsefninu, m.a. milli einstaklinga og hópa, milli höfðingja og almennings, Íslands og útlanda, þess sem einstakt er og þess sem hefur almennara gildi (38).

Landnám

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Íslenska. Leikræn, myndræn og skrifleg tjáning.

Markmið:

- Að setja sig í spor landnema Íslands
- Að nemendur sjái fyrir sér hvernig land var við landnám og hvað landnemar tóku sér fyrir hendur, veiða í matinn, byggja hús o.s.frv.

Gögn fyrir útikennslu: Myndavél

Undirbúningur: Mikilvægt er að nemendur séu búnir að kynnst efni um landnám í námsbókum.

Framkvæmd: Nemendur og kennari finna sér stað í nærumhverfi, á staðnum eiga nemendur að setjast þétt saman og ímynda sér að þeir séu landnámsmenn. Þeir sitja allir í litlum bát, sem er að leggja af stað í óvissuna, út á opið haf og vita ekki hvað bíður þeirra handan sjóndeildarhringsins. Nemendur eiga að tjá sig með látbragði og velta fyrir sér hvernig þessu fólki leið. Nemendur setja sig í stellingar og þegar allir eru tilbúnir tekur kennarinn ljósmynd. Þetta er gert a.m.k. 3 sinnum og nemendur eiga alltaf að skipta um stellingar í bátnum. Þegar þetta hefur verið gert segir kennari nemendum að nú eigi þeir að stíga úr bátnum og ímynda sér að þeir séu að stíga á land, nemendur eiga að túlka vonbrigði/ánægju við komuna til nýja landsins. Kennari tekur mynd eins og áður. Nemendur ganga lengra á land, og eiga að túlka hvað það var sem landnemar gerðu fyrst þegar þeir höfðu fundið sér aðsetur. Kennari tekur mynd af því líka.

Úrvinnsla: Nemendur greina myndirnar. Kennari setur myndir í tölvu og breytir þeim þannig að þær verði svarthvítar og varpar upp einni og einni. Nemendur reyna að sjá hvaða tilfinningar aðrir sýndu og hvernig þeir upplifðu landnámsferðina og landnám. Þegar nemendur hafa skoðað síðustu myndina er hún látin vera uppi og nemendur eiga að skrifa og/eða teikna það sem gerðist næst, s.s. búa til framhald. Hvernig fólkinu leið á nýja staðnum og hvað landnemar gerðu til að sjá fyrir sér og sinni fjölskyldu.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – saga:

- kunna sögur af landnámi Íslands (16).
- hafa nokkra þekkingu á gæðum lands við landnám, enn fremur trú og siðum, atvinnuháttum og stjórnskipan fyrstu aldir Íslandsbyggðar (16).
- fá að lifa sig inn í söguna með því að endurskapa veruleika með öðrum, t.d. að skapa ímyndað land með bekkjarfélögunum, nema það og búa til samfélag (38).

Miðaldir

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Íslenska. Námsleikir, endurtekningaræfingar, yfirferð námsefnis.

Markmið:

- Að kenna nemendum óhefðbundnar leiðir til upprifjunar á efni
- Að nemendur læri að meta aðalatriði og aukaatriði viðfangsefna

Gögn fyrir útikennslu: Hnykill

Undirbúningur: Viðfangsefni miðalda má skoða á ótal vegu en hér verða útskýrðar tvær leiðir í gegnum námsleiki úti- og inni til að vinna með hvaða efni sem er og tengist þessu tímabili. Þessi verkefni eru mjög góð til upprifjunar á efni, t.d. fyrir próf.

Framkvæmd: Nemendur standa í hring á skólavelli. Kennarinn byrjar með hnykil í höndunum, segir eina staðreynd eða setningu úr námsefninu og kastar hnyklinum til nemanda. Sá nemandi gerir eins og kennari og kastar hnyklinum til annars nemanda, svona fer þetta fram koll af kolli þar til allir eru búnir að segja eitthvað. Þegar hnyklinum hefur verið kastað til allra ætti að myndast köngulóarvefur. Þennan leik er hægt að leika aftur ef tími gefst, einnig er hægt að kasta hnyklinum til baka og þá eiga nemendur að rifja upp eitthvað sem annar nemandi sagði áður.

Úrvinnsla: Nemendur búa til bingóspjald. Á spjaldinu eru 16 kassar (4x4) og í hvern þeirra skrifar nemandi eitt orð af listanum sem kennari gefur upp. Kennari gefur upp 20–30 orð og nemendur velja 16 þeirra. Nemendur eiga einnig að skrifa lýsingu á eða setningu um hvert og eitt í spjaldið. Bingóspjald með dæmum og autt spjald fyrir nemendur er að finna í viðhengi 1, bls. 24. Dæmin sem gefin eru upp eru almennt frá og um miðaldir. Þegar nemendur hafa fyllt út allt spjaldið, dregur kennari eitt orð af öllum þeim sem hann hefur gefið upp og nemendur merkja ef þeir hafa valið það orð. Nemendur byrja á að spila eina röð lárétta eða lóðrétta, síðan er haldið áfram og dregið þangað til að einhver annar fær röð og síðan má spila allt spjaldið. Í hvert skipti sem kennari dregur orð, eiga nokkrir sem voru með það orð á sínu spjaldi að lesa upp það sem þeir skrifuðu við orðið.

Tenging við aðalnámskrá:

- fáa heildarmynd af sögu Íslands (heimabyggðar og landsins í heild) í samhengi við sögu Norðurlanda, Evrópu og heimsins með áherslu á eftirtalda þætti:
 - menningu, samfélag og heimsmynd miðalda, einkum á Íslandi

Heimsálfur tengjast

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Náttúrufræði, listgreinar, íslenska. Yfirferð námsefnis, tvenndarvinna, skriflegar æfingar, yfirheyrsla og myndsköpun – myndræn tjáning.

Markmið:

- Að nemendur geri sér grein fyrir ótta og ógnum sem farsóttir vekja og viðbrögð við þeim
- Að nemendur sjá af hvaða ástæðum og hvernig sóttir fluttust með mönnum á miðöldum

Gögn fyrir útikennslu: Spurningablöð (sem nemendur hafa sjálfir samið).

Undirbúningur: Nemendur eiga að vera búnir að kynnast efninu, t.d. með vinnu og lestri á kaflanum Sýklar og svartidauði í bókinni *Miðaldafólk á ferð* eftir Þorstein Helgason. Þetta efni getur vakið upp ótta barna en mikilvægt er að tala um efnið þannig að við getum lært af því með rannsóknum hvernig koma eigi í veg fyrir útbreiðslu farsóttar. Nemendur vinna í pörum og eiga að búa til spurningar út frá efninu, eins og: Hvernig berast sóttir frá öðrum löndum? Hvernig tengjast farsóttir og plágur efninu um miðaldafólk? Hvað er breytt núna, hvað höfum við lært? Og margar fleiri spurningar sem hægt er að velja úr út frá lesefni.

Framkvæmd: Í útistofu, eða öðru svæði sem hentar, setja nemendur sig í stellingar til að taka þátt í spjallþætti. Nemendur taka spurningarnar sem þeir sömdu áður með sér. Nemendur skiptast í pör og skal eitt par í einu setjast í „kastljósið“. Þau pör sem ekki sitja í „kastljósinu“ fá þá að spyrja parið sem situr fyrir svörum spjörunum úr með því að spyrja einnar spurningar af þeim sem þau höfðu samið áður. Fyrirmyndin er spjallþættir þannig að kennarar skulu hvetja nemendur til að klappa fyrir góðum og skýrum svörum og ýta undir að allir taki þátt í að svara og spyrja.

Úrvinnsla: Hver nemandi á að mála mynd sem honum finnst skýra efnið vel. Hér er engin ein leið rétt til að tjá sig um þetta viðfangsefni heldur eiga nemendur að sýna tilfinningar, þekkingu og skilning á því efni sem búið er að vinna með.

Tenging við aðalnámskrá:

- kanni svartadauða í Evrópu, þar á meðal á Íslandi (38).
- kanni nokkrar af þeim umbreytingum sem fylgdu í kjölfar landafunda, svo sem
 - hvernig sjúkdómar frá gamla heiminum felldu frumbyggja Ameríku
 - hvernig sóttkveikjur frá Ameríku herjuðu á Evrópu (38).

Siðaskiptin

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði, íslenska. Sjónsköpun – að sjá í huganum, leikræn tjáning, skrifleg tjáning – ritun.

Markmið:

- Að nemendur kynnist siðaskiptunum og áhrifum þeirra á samfélagið
- Að nemendur læri hvernig þessar breytingar urðu á Íslandi
- Að nemendur þekki persónur og átök manna um trú

Undirbúningur: Nemendur eiga að vera búnir að lesa sér aðeins til um efnið í námsbók t.d. í Sögueyjunni II, 2. kafli um siðaskipti. Kennari og nemendur verða að vera búnir að ræða aðeins um efnið, t.d. hvernig og hvaða Íslendingar vildu skipta um trú og skipun Danakonungs um að Íslendingar ættu að taka upp lútherska trú. Kennari útskýrir fyrir nemendum að nú ætli hann að lesa kafla úr bókinni Öxin og jörðin um örlög Jóns Arasonar og sona hans. Kennari útskýrir fyrir nemendum að loknum lestri muni þau vinna í hópum og æfa stuttan leikþátt úr þessu efni. Nemendur mega punkta niður um leið og lestri er lokið og fá til þess nokkrar mínútur.

Framkvæmd: Nemendur hlusta á sögu, inni eða úti og eftir lestur eiga þeir að fara í hópa og skipuleggja leikþáttinn, hlutverk hvers og eins og setningar. Nemendur æfa á afmörkuðu svæði utandyra og er þeim frjálst að nota það sem útistofa hefur upp á að bjóða, trjágrein sem öxi o.s.frv. Í lok kennslustundar sýnir hver hópur sinn leikþátt fyrir samnemendur. Með þessu móti sér kennari hvað nemendum þótti verða aðalatriði í námsefninu, hvaða setningar sitja eftir og fleira.

Úrvinnsla: Nemendur skrifa grein í dagblað tengt efninu. Fréttin á að innihalda lykilorð eins og Danakonungur, siðaskipti, Jón Arason Hólabiskup, kaþólsk trú, lúthersk trú, Skálholt og/eða annað sem kennari vill að komi fram í greinaskrifum nemenda.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – saga:

- hafa kynnt sér stjórnunartengsl Íslands og Danmerkur og velt þýðingu þeirra fyrir sér (17).
- leiti merkja um áhrif kristni, klaustra og kirkju á menntir, hugarfar og lög í landinu (37).
- Nemandi kynnist trúarkenningum frá Róm og Norður-Þýskalandi (kaþólskum og lúterskum) (39).
- kanni uppruna mótmælendahreyfingarinnar og lútersks siðar (39).

Á ferð um tímann – Ísland fortíð, nútíð og framtíð

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluaðferðir: Íslenska. Efnis- og heimildakönnun og önnur upplýsingaöflun, skoðunarferð og vettvangsathuganir.

Markmið:

- Nemendur kynnist framförum sem hafa orðið á ákveðnum sviðum, tengi þær við fortíð og nútíð og geti séð fyrir sér hvernig framtíðin verður í þeim efnum

Gögn fyrir útikennslu: Skrifæri og skráningarblað.

Undirbúningur: Nemendur velja sér viðfangsefni t.d. farartæki, matarhefðir, tækni og trú. Kennari hjálpar síðan nemendum að afmarka efnið þannig að sá sem velur farartæki skoði bíla, sá sem velur tækni skoðar sjónvörp o.s.frv. Nemendur fá síðan góðan tíma til að afla sér heimilda um hvert efni, kennari þarf að hafa í huga að mikið efni er til og því gott að geta bent þeim á ákveðnar vefsíður eða bækur sem gott er að skoða ásamt því að aðstoða nemendur í leit að ljósmyndum, kvikmyndum og öðru til að styðjast við. Skoða á efni með tilliti til fortíðar, nútíðar og framtíðar. Heimildir eru fyrir fortíð og nútíð en um framtíð er það að segja að nemendur fá sjálfir að koma með hugmyndir sínar, vonir eða áhyggjur um efnið.

Framkvæmd: Nemendur og kennari ganga um skólasvæði og nemendur eiga að skrá hjá sér það sem þeir sjá og eiga að tengja við fortíð, nútíð og framtíð. T.d. bílar: voru ekki til á Íslandi fyrir 1900, í dag eru mjög margir á Íslandi, í framtíðinni verða bílar vonandi stærri og hraðskreiðari. Hér fylgir tafla sem nemendur geta fyllt út, stutt athugasemd á að fylgja í hverjum dálki, eins og dæmið sýnir hér fyrir ofan. Mikilvægt að nemendur fái að hjálpast að við að fylla út töfluna.

Hvað:	Fortíð:	Nútíð:	Framtíð:
Bílar	Fyrsti kom til Íslands árið 1904	Mjög margir bílar, fjölskylda mín á 3	Stórir bílar sem eyða engu bensíni
Veður	Mjög kalt	Fer hlýnandi minni munur á árstíðum	Gott veður í öllum löndum

Úrvinnsla: Nemendur skrifa stutta ritgerð um framfarir sem hafa orðið og bera saman það sem menn notuðust við í „gamla daga“, það sem menn nota í dag og hvernig þeir halda að framtíðin verði. Hæfileg lengd er 1 og ½ blaðsíða þar sem fortíð, nútíð og framtíð fær hálfa síðu hver.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – saga:

- geta velt fyrir sér tengingum í námsefninu og leitað að þráðum og samhengi (17).
- hafa fengist við heimildarýni, einkum áreiðanleika og gildi heimilda (17).

Endurvinnsla – að bera virðingu fyrir náttúrunni

Samþætting við önnur fög og aðrar kennsluáferðir: Stærðfræði, náttúrufræði. „Alvöru rannsóknir“, verkleg æfingar og kennsla.

Markmið:

- Að nemendur skilji mikilvægi þess að flokka úrgang til að vernda umhverfið
- Að nemendur sjái fyrir sér hversu miklum úrgangi hvert heimili hendir á viku, mánuði, ári og sjái að hægt er að endurnýja sumt og gefa því nýtt líf

Gögn fyrir útikennslu: Skófla og smá sorp.

Undirbúningur: Kennari útskýrir verkefnið sem felst í því að mæla þyngd sorps heima. Nemendur eiga að flokka sorpið á hverjum degi með hjálp foreldra og eftir hvern dag eiga þeir að vigta og skrá niður í töflu. Þetta er gert í 5 daga, frá mánudegi til föstudags. Nemendur koma með útfyllta töflu í skólann vikuna eftir að verkefni var lagt fyrir.

	Pappír (g)	Gler (g)	Pappi (g)	Matur (g)	Eiturefni (g)	Málmur (g)	Annað (g)
Mánudagur							
Þriðjudagur							
Miðvikudagur							
Fimmtudagur							
Föstudagur							
Samanlagt í g							
Hversu mörg kíló gera það?							

Hvað má þá áætla að miklu rusli sé hent í einum mánuði? _____ en á einu ári? _____

Framkvæmd: Kennari tekur sorp með í poka, t.d. bananahýði, álpappír, plastpoka eða annað. Nemendur grafa litla holu, á svæði þar sem það er leyfilegt, setja hlutina sem kennari tók með ofan í og moka yfir. Kennari spyr nemendur hvað þau haldi að muni gerast. Kennari segir að eftir einn mánuð muni þau koma aftur, grafa upp ruslið og sjá hvernig það er orðið. Þetta er hægt að gera oft, til að undirstrika að sumt eyðist ekki.

Úrvinnsla: Nemendur sjá eftir einn mánuð að sumir hlutir breytast ekkert en aðrir eyðast. Kennari stingur upp á að nemendur fái hugmynd til að endurnýta það sem ekki eyðist og er hent heima. Hægt er að sýna nemendum myndir, t.d. taska búin til úr nammibréfum, glerlistaverk eða annað. Seinna geta nemendur, eftir að hafa safnað efni, útbúið og hannað sína hugmynd.

Tenging við aðalnámskrá, samfélagsgreinar – saga :

- kynnast mikilvægi náttúruverndar og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum, t.d. með flokkun sorps og endurnýtingu hráefna (12).

Tillögur að námsmati

Jafningjamat

MATSBLAÐ Hópur: _____

Fylgist vel með flutningi hópa og merkið inn á þetta blað hvað ykkur fannst um flutninginn. Metið einnig hvað ykkur finnst um verkefnin. Sýnið tillitsemi og kurteisi meðan á flutningi stendur og trúflið ekki.

Hópur: _____

Flutningur

- Mjög góður
- Góður
- Freka slakur
- Slakur

Verkefnið

- Góð og mikil vinna að baki
- Þokkalega unnið
- Lítið í það lagt

Annað sem þið viljið nefna:

Byggt á:

Lilja M. Jónsdóttir. (1996:95). *Skapandi skólastarf*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Sjálfsmat

Nafn: _____

Hópur: _____

Dagseting: _____

Merkið við með X þar sem við á

	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Ekki viss
Ég vinn vel með öðrum					
Ég vinn vel ein(n)					
Ég er tilbúin(n) til að vinna með öllum í hópnum					
Ég hjálpa öðrum að taka þátt í vinnunni					
Ég vinn alltaf með þeim sama innan hópsins					
Ég get verið ósammála öðrum án þess að rífast					
Ég hef stjórn á skapi mínu þó ég sé ekki sammála					
Ég er kurteis					
Ég spyr hópfélaga mína þegar ég er ekki viss					

Byggt á:

Lilja M. Jónsdóttir. (1996:94). *Skapandi skólastarf*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Ingvar Sigurgeirsson. (1999:91). *Að mörgu er að hyggja*. Reykjavík: Æskan.

Símat

Athugun á virkni

Nafn	Tímasetning athugunar	Sinnir verkefni	Ekki við vinnu	Annað/ athugasemdir

Byggt á: Ingvar Sigurgeirsson. (1999:89). *Að mörgu er að hyggja*. Reykjavík: Æskan.

Matslisti til greiningar og mats á umræðum og virkni nemandans í kennslustund

	Alltaf	Oftast	Stundum	Nánast aldrei
Skýrir mál sitt vel				
Heldur sig við efnið				
Hlustar á aðra				
Tekur virkan þátt				
Spyr góðra spurninga				
Styður aðra				
Styður mál sitt með rökum				
Leggur sig fram um að komast að niðurstöðu				

Byggt á: Ingvar Sigurgeirsson. (1999:89). *Að mörgu er að hyggja*. Reykjavík: Æskan.

Viðhengi 1 - Bingóspjald

Snorri Sturluson Skáld og sagnaritari	Reykholt Þar bjó Snorri	Herdís Fyrri eiginkona Snorra	Sturlungaöld 1220
Örlygsstaðabardagi Ófarir Sturlunga	Heimskringla Konungasaga	Snorralaug Er í Reykholti	Miðaldir 500–1500 f.Kr.
Íslendingasaga Grettis saga	Kristófer Kólumbus Fann Ameríku	Riddari Knight á ensku	Guðríður Þorbjarnardóttir Landkönnuður
Eiríkur rauði Kallaður „rauði“ vegna hárlitarins	Leifur Heppni Sonur Eiríks rauða	Órækja Sonur Snorra Sturlusonar	Farsótt Svarti dauði

Bingóspjald

Nemandi: _____
